

Mál nr. 291/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið á göngu í Elliðaárdal 18. maí 2021 þegar X hafi komið hjólandi aftan að henni og beint á hana. M hafi dottið og lent á jörðinni. Hún hafi brotnað á lærlegg við mjöðm og brotnað ofarlega á upphandlegg við öxl. M byggir á því að slysið sé að rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi og því beri X skaðabótaábyrgð á grundvelli skaðabótaréttar og umferðarlaga nr. 77/2019. Reiðhjól séu skilgreind sem ökutæki skv. 3. gr. umferðarlaganna og um almenna aðgæsluskyldu er vísað til 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 36. gr. laganna. Þá er tilgreint að í 1. mgr. 27. gr. laganna komi fram að ökumaður skuli gefa vegfaranda tíma til að víkja til hliðar og að í 1. mgr. 43. gr. komi fram að heimilt sé að hjóla á gangstétt, göngustíg eða göngugötu enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. M telur að X hafi ekið allt of hratt viðað við aðstæður og ekki sýnt þá aðgæslu sem búast mátti við af honum. Alvarleiki áverka M styðji enn frekar að X hafi hjólað of hratt.

Í bréfi V kemur fram að það mótmæli atvikalýsingu M. Vísað er til lögregluskýrslu 18. maí 2021 þar sem haft sé eftir vinkonu M að einhver misskilningur hafi átt sér þegar X hringdi bjöllunni á reiðhjólunni og M hafi þá fært sig til hægri og svo aftur til vinstri og í veg fyrir X. Einnig hafi komið fram í sjúkraskýrslu að M hafi heyrt í hjólabjöllu, snúið sér við og stigið til hliðar en sá á hjólinu hafi einnig beygt til sömu hliðar. M hafi því farið í veg fyrir X þegar hann ætlaði að hjóla fram hjá henni. Þá sé ekkert í gögnum málsins sem gefi tilefni til að ætla að X hafi verið á mikilli ferð. Síðar tilkomnar breytingar má atvikum verði ekki lagðar til grundvallar sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 47/2006. Fullyrðingum M um hraða X er mótmælt og bent á að þær hafi ekki stoð í gögnum málsins. V telur því að M hafi ekki sýnt fram á sök X eða atvik eða aðstæður sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í umferðarlögum nr. 77/2019 kemur fram að reiðhjól sé ökutæki og gilda því ákvæði umferðarlaga um reiðhjól að því marki. Í 1. mgr. 4. gr. er kveðið á um almenna aðgæsluskyldu vegfaranda en samkvæmt skilgreiningu laganna er vegfarandi hver sá sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi. Í VII. kafla laganna eru sérreglur fyrir reiðhjól og kemur fram í 1. mgr. 43. gr. að heimilt sé að hjóla á gagnstétt, göngustétt eða göngugötu enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Í 2. mgr. 43. gr. kemur fram að hjólreiðamaður á gangstétt, göngustíg eða göngugötu skuli víkja fyrir gangandi vegfarendum. Hann skuli gæta ýtrustu varkárni og ekki hjóla hraðar en svo að hann geti vikið úr vegi fyrir gangandi vegfarendum sem eigi leið um. Hann skuli gefa hljóðmerki þegar hann nálgist gangandi vegfarendur ef ætla má að þeir verði hans ekki varir.

Það kemur fram í gögnum málsins að X hringdi hjólabjöllu þegar hann nálgadist M. Aðila máls greinir á um viðbrögð M þegar hún heyrir í bjöllunni og hvort X hafi hjólað hratt þegar hann lendir á henni. Samkvæmt lögregluskýrslu kveður vinkona M einhvern misskilning hafa átt sér stað þegar X hafi hringt bjöllunni. M hafi fært sig til hægri og svo aftur til vinstri og hafi X þá hjólað aftan á M. Miðað við viðbrögð M verður að líta svo á að hún hafi misskilið hvar X kom að á hjólinu. Hins vegar ber X skv. umferðarlögum þá skyldu að gæta ýtrustu varkárni og hjóla ekki svo hratt að hann geti ekki vikið fyrir gangandi vegfarendum. Miðað við áverka M verður ekki unnt að draga þá ályktun að X hafi hjólað hægt. X hefur því ekki sýnt þá aðgæslu sem honum bar og ber hann af þeim sökum bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir